



## Starfsreglur endurskoðunarnefndar Byggðastofnunar

### 1. gr. MARKMIÐ

Markmið endurskoðunarnefndar Byggðastofnunar er að starfa samkvæmt íslenskum lögum og reglum og góðum stjórnarháttum. Endurskoðunarnefnd er undirnefnd stjórnar og er skipuð af henni í samræmi við IX. kafla A laga nr. 3/2006 um ársreikninga.

### 2. gr. NEFNDARMENN

Stjórn ber ábyrgð á skipun endurskoðunarnefndar og skal nefndin svara beint til stjórnar. Hún skal skipuð þremur aðilum eigi síðar en mánuði eftir ársfund. Nefndarmenn skulu vera óháðir endurskoðanda eða endurskoðendum Byggðastofnunar og meirihluti nefndarmanna skal jafnframt vera óháður Byggðastofnun. Forstjóri Byggðastofnunar skal ekki eiga sæti í endurskoðunarnefnd og komi til þess að formaður stjórnar sitji í nefndinni skal hann ekki gegna embætti formanns nefndarinnar, enda skulu forstjóri, stjórnarformaður og formaður endurskoðunarnefndar vera þrír mismunandi einstaklingar. Nefndarmenn skulu hafa þekkingu og reynslu í samræmi við störf nefndarinnar og skal að minnsta kosti einn nefndarmaður hafa staðgóða þekkingu og reynslu á sviði reikningsskila og endurskoðunar. Nefndarmenn skulu fá eintak af starfsreglum þessum er þeir taka sæki í nefndinni í fyrsta sinn. Þeim skal jafnframt gerð aðgengileg gögn sem teljast nauðsynleg nefndarmönnum í starfi sínu, í skriflegri eða rafrænni útgáfu.

### 3. gr. HEIMILDIR

Endurskoðunarnefnd hefur heimild til nauðsynlegrar upplýsingaöflunar innan Byggðastofnunar til þess að geta uppfyllt skyldur sínar samkvæmt verklagsreglum þessum. Endurskoðunarnefnd hefur óheftan aðgang að stjórn, stjórnendum og þeim starfsmönnum Byggðastofnunar sem hafa fengið það hlutverk að aðstoða endurskoðunarnefnd í verkefnum hennar, ytri endurskoðendum, og innri endurskoðendum. Endurskoðunarnefnd hefur heimildir og fjárhagslegt svigrúm til að leita sér ráðgjafar, í samræmi við samþykktu fjárhagsáætlun stjórnar, eins og hún telur nauðsynlegt til að geta uppfyllt þessar skyldur. Starfsmenn, forstjóri, stjórn, innri og ytri endurskoðendur Byggðastofnunar skulu hafa óheftan aðgang að endurskoðunarnefnd.

### 4. gr. ÁBYRGÐ

Endurskoðunarnefnd skal starfa sem samskiptaaðili milli stjórnar Byggðastofnunar, stjórnenda hennar og ytri og innri endurskoðenda hennar í tengslum við skýrslugjöf þeirra og málefni sem tengjast innra eftirliti.

Nefndin skal jafnframt aðstoða stjórn við að uppfylla skyldur sínar með því að starfa sem óháður og hlutlægur aðili og inna af hendi störf samkvæmt 6.gr. þessara reglna.

### 5. gr. FUNDIR

Endurskoðunarnefnd skal hittast að lágmarki fjórum sinnum á ári og er gert ráð fyrir að allir nefndarmenn séu viðstaddir. Fundarseta með notkun símafundar eða með fjarfundarbúnaði skal teljast fullnægjandi viðvera. Meiri hluti nefndarmanna ræður niðurstöðu. Það er ákvörðun nefndarinnar hvort stjórnendur Byggðastofnunar, innri endurskoðendur eða ytri endurskoðendur séu viðstaddir fundi nefndarinnar. Ritari endurskoðunarnefndar skal vera nefndinni til aðstoðar eftir því sem hún óskar eftir. Nefndin skal hitta innri og ytri endurskoðendur að lágmarki einu sinni á ári án þess að stjórnendur séu viðstaddir. Formaður skal boða til fundar að eigin frumkvæði eða að ósk annarra nefndarmanna. Formaður stýrir fundum. Sérfræðingur á rekstrarsviði er ritari endurskoðunarnefndar og sér um boðun funda í umboði formanns nefndarinnar. Dagskrá og öðrum fundargögnum skal dreift til nefndarmanna eða vistuð í fundargátt Byggðastofnunar, með lágmarki tveggja daga fyrirvara. Fundargerðir skulu vera skriflegar og samþykktar af



fundarmönnum og vistun í fundargátt Byggðastofnunar. Hafi nefndarmaður ekki setið fund skal hann staðfesta með undirskrift sinni á fundargerð og hafa kynnt sér efni hennar. Fundargerðir skulu varðveittar í númeraröð. Á fyrsta fundi eftir ársfund Byggðastofnunar skal endurskoðunarnefnd setja sér starfsáætlun fyrir starf endurskoðunarnefndar innan ársins sem tryggir að allir þættir sem nefndinni ber að sinna sé sinnt, sbr. 6 gr. þessara reglna.

## 6. gr. VERKEFNI

Endurskoðunarnefnd skal aðstoða stjórn við að uppfylla skyldur sínar með því að starfa sem óháður og hlutlægur aðili sem hefur eftirlit með reikningsskilafarli stofnunarinnar og innra eftirliti hennar ásamt störfum ytri og innri endurskoðenda stofnunarinnar eins og nánar er tilgreint hér á eftir og í samræmi við 108. gr. b. laga nr. 3/2006 um ársreikninga:

### **1. Eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila og eftir atvikum veita ráðleggingar eða leggja fram tillögur að umbótum við ferlið til að tryggja gæði reikningsskilanna, þ.m.t. heilindi upplýsinga í skýrslu stjórnar.**

Endurskoðunarnefnd skal fara yfir reikningsskil og helstu álitafni í reikningsskilum með viðeigandi stjórnendum Byggðastofnunar við gerð ársreiknings og árshlutareikninga áður en stjórn samþykkir reikningana. Nefndin leitast við að leysa ágreiningsmál sem kunna að koma upp milli stjórnenda og endurskoðenda við reikningsskilagerðina.

Endurskoðunarnefnd skal fara yfir skýrslu stjórnar stofnunarinnar áður en hún er gefin út.

Endurskoðunarnefnd skal tryggja að skýrslugjöf til opinberra aðila (m.a. til Seðlabanka Íslands) sé með tryggum hætti.

### **2. Eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits, innri endurskoðun og áhættustýringu.**

Endurskoðunarnefnd hefur eftirlit með því að stjórn Byggðastofnunar tryggi með stefnu sinni og verklagsreglum að fyrirtækið hafi innleitt viðeigandi innri eftirlit sem tekur á áhættum í starfseminni og að þessir innri eftirlitsþættir virki á áhrifaríkan hátt. Nefndin yfirfer með stjórnendum stofnunarinnar, innri endurskoðendum og ytri endurskoðendum eftir þörfum, hvort innra eftirlit og áhættustýring sé nægjanleg hverju sinni.

Endurskoðunarnefnd samþykkir ráðningu og uppsögn innri endurskoðanda Byggðastofnunar. Nefndin fer yfir að innri endurskoðun hafi hæfilegt umfang til að sinna innri endurskoðuninni vel. Hún fer yfir innri endurskoðunaráætlun, mikilvægar niðurstöður innri endurskoðunar ársins og viðbrögð stjórnenda við þeim. Nefndin tryggir enn fremur að ekki séu til staðar takmarkanir sem hamla störfum innri endurskoðenda. Nefndin leitast við að leysa ágreiningsmál sem kunna að koma upp varðandi innri endurskoðun.

Endurskoðunarnefnd skal gera stjórn grein fyrir sviksemismálum sem koma til hennar vitundar, þar sem grunur er um brot á lögum, reglum eða reglugerðum eða þar sem innra eftirlit hefur brugðist.

### **3. Eftirlit með endurskoðun ársreiknings Byggðastofnunar.**

Endurskoðunarnefnd skal hitta endurskoðendur stofnunarinnar og fara yfir umfang endurskoðunarinnar og endurskoðunaráætlun.

Endurskoðunarnefnd skal hitta endurskoðendur stofnunarinnar og fara yfir helstu niðurstöður endurskoðunarvinnunnar. M.a. skal spyrja að því hvort sérstök atriði hafi komið upp við endurskoðunina sem endurskoðendur vilja vekja athygli á, hvort ágreiningur hafi komið upp milli endurskoðenda og stjórnenda og hvort endurskoðendur hafi fengið þann aðgang að upplýsingum sem þeir óskuðu eftir við endurskoðunina. Nefndin skal sömuleiðis afla upplýsinga frá stjórnendum Byggðastofnunar hvort þeir hafi athugasemdir við endurskoðunina í samræmi við starfsemi Byggðastofnunar.



Endurskoðunarnefnd skal fá til yfirferðar skýrslur um endurskoðunarvinnuna og endurskoðunarskýrslu. Í skýrslunni skulu koma fram mikilvæg atriði sem fram hafa komið við endurskoðunina og sérstaklega gerð grein fyrir veikleikum í innra eftirliti sbr. 108. gr. d. laga nr. 3/2006 um ársreikninga. Nefndin leitast við að leysa ágreiningsmál sem kunna að koma upp í tengslum við endurskoðunina.

Í lok fundarins skulu stjórnendur stofnunarinnar víkja af fundi og endurskoðunarnefnd fundar einslega með endurskoðendum.

**4. Mat á óhæði endurskoðanda eða endurskoðunarfyritækis og eftirlit með öðrum störfum endurskoðanda eða endurskoðunarfyritækis.**

Endurskoðunarnefnd fer yfir að ákvæðum laga nr. 94/2019 um endurskoðendur og endurskoðun sé fylgt, m.a. að endurskoðandi Byggðastofnunar taki sér hlé frá endurskoðun hans í a.m.k. tvö ár samfellt eigi síðar en sjö árum eftir að honum var falið verkið og að endurskoðanda er óheimilt að taka þátt í ákvörðunum stjórnar eða stjórnenda þess aðila sem hann endurskoðar.

Endurskoðunarnefnd skal móttaka skriflega staðfestingu endurskoðanda árlega að hann sé óháður stofnuninni. Nefndin skal enn fremur afla upplýsinga um aðra þjónustu sem endurskoðandinn veitir stofnuninni og leggja mat á hvort sú þjónusta sé ógnun við óhæði hans.

Í mati endurskoðunarnefndar á óhæði endurskoðanda skal nefndin gæta þess að endurskoðandi og endurskoðunarfyritæki eiga að vera óháð viðskiptavinum sínum, bæði í reynd og ásýnd. Endurskoðandi skal eigi framkvæma endurskoðun ef einhver þau tengsl eru á milli endurskoðandans og viðskiptavinar hans sem eru til þess fallin að vekja efa um óhæði hans hjá vel upplýstum þriðja aðila, svo sem atvinnutengsl, bein eða óbein fjárhagsleg tengsl eða viðskiptatengsl önnur en leiðir af endurskoðuninni

**5. Ríkisendurskoðun er endurskoðandi Byggðastofnunar samkvæmt lögum um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreiknings nr. 46/2016.**

Endurskoðunarnefnd skal staðfesta val Ríkisendurskoðunar á ytri endurskoðenda þegar hún ræður endurskoðunarfyritæki til að annast endurskoðun Byggðastofnunar í sínu umboði.

**6. Skýrslugjöf endurskoðunarnefndar**

Endurskoðunarnefnd skal að minnsta kosti einu sinni á ári taka saman skýrslu um störf sín og gera stjórn grein fyrir niðurstöðum verkefna nefndarinnar á árinu.

**7. Endurskoðendaráð**

Endurskoðunarnefnd skal upplýsa Endurskoðendaráð óski það eftir gögnum til að meta frammistöðu nefndarinnar skv. 108 gr. f. laga nr. 3/2006.

**7. gr. ANNAÐ**

Endurskoðunarnefnd ber ábyrgð á þeim skyldum sem fram koma í reglum þessum en ber ekki ábyrgð á reikningsskilum eða endurskoðun ársreiknings. Stjórn og framkvæmdastjóri stofnunarinnar bera ábyrgð á reikningsskilum, innleiðingu innra eftirlits í samræmi við gildandi lög og reglur stofnunarinnar og óháðir endurskoðendur bera ábyrgð á endurskoðun ársreiknings sjóðsins í samræmi við lög og önnur gild viðmið. Nefndarmenn eru bundnir þagnarskyldu um allt það sem þeir fá vitneskju um í starfi og leynt á að fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi. Nefndarmenn skulu varðveita tryggilega þau gögn sem þeir fá afhent frá stofnuninni í tengslum við starf sitt. Þegar nefndarmenn láta af störfum skulu þeir sjá til þess að gögn, sem þeir hafa mótttekið í sambandi við nefndarstörf sín komist ekki í hendur óviðkomandi.



## BYGGÐASTOFNUN

Að minnsta kosti árlega skal nefndin meta skilvirkni sína ásamt því að fara yfir og endurskoða starfsreglur þessar. Endurskoðunarnefnd leggur til við stjórn viðeigandi breytingar eða aukningu á verkefnum og hlutverki nefndarinnar.

Stjórnendur geta óskað eftir aðstoð nefndarinnar við sérstök úrlausnarefni er varða Byggðastofnun.

Starfsreglur þessar skal endurskoða á að minnsta kosti þriggja ára fresti.

Við staðfestingu þessara starfsreglna falla niður starfsreglur endurskoðunarnefndar Byggðastofnunar frá 22. maí 2020.

**Staðfest á fundi stjórnar Byggðastofnunar 6. júní 2024**